



Brunavarnir Árnassýslu

Árvegi 1

800 Selfoss

4 800 900

ba@babubabu.is

Umræða og leiðbeiningar um neyðarnúmerið EINN, EINN TVEIR 112, eldvarnir og öryggismál fyrir börn og foreldra þeirra.

Umræða um eldvarnir og öryggismál er einfalt að gera að skemmtilegu umfangsefni bæði heima fyrir og í leikskólum. Ef við fræðum börnin okkar um reykskynjara, flóttaleiðir, neyðarnúmerið **einn, einn tveir 112** og hvað skal gera ef vá ber að höndum. Viðbragðsaðilar í okkar samfélagi eru fyrir öryggi og vellíðan allra.

Börn eiga að læra hvað skal gera ef þau heyra í reykskynjara, hvernig er hljóðið í þeim og að hræðast ekki hljóðmerki þeirra heldur bera virðingu fyrir því og bregðast rétt við. **Það sem börn þekkja ekki, hræðast þau en það sem þau þekkja bera þau virðingu fyrir.**

Verkefni:

1. Allir í fjölskyldunni ganga saman um heimilið og kynna sér staðsetningu reykskynjara.
2. Mamma eða pabbi sækja stiga eða tröppur og athuga rafhlöðu í reykskynjurum með því að þrýsta á hnappinn sem setur hljóðið í gang. Með þessum aðgerðum erum við búin athuga rafhlöðustöðu á skynjaranum og það sem meira er, eru allir í fjölskyldunni búnir að heyra **hljóðmerkið** sem reykskynjarinn gefur frá sér.
3. Þegar allir í fjölskyldunni hafa heyrt hljóðið í öllum reykskynjurum er hægt að æfa viðbrögð hvers og eins um hvað skal gera þegar reykskynjararnir fara í gang. Til að mynda ef barn heyrir í reykskynjara og foreldrar ekki í sama herbergi er hægt að kenna börnunum að loka sig frá hættunni, komi sér fyrir á öruggum stað og gefi frá sér hljóðmerki til að láta vita af sér. Ef mamma eða pabbi koma ekki og sækja þau, er nauðsynlegt að vera búin að kenna börnunum öruggustu leiðina út. Heimili hvers og eins eru mismunandi og því er mikilvægt að fjölskyldan búi til viðbragðsáætlun sem hentar hverju heimili fyrir sig. Mikilvægt að kenna börnum að fela sig ekki. Ef barn hræðist ekki reykskynjara eru minni líkur á að barnið feli sig ekki. Ef mamma eða pabbi geta sótt barnið er mikilvægt að kenna börnum að bíða á einhverjum áberandi stað og að foreldrar haldi ró sinni og æfi samvinnu um að koma sér sem öruggast út.
4. Ákveða söfnunarstað. Að finna stað úti þar sem allir í fjölskyldunni safnast saman. Til dæmis við fyrsta ljósastaur á gangstéttinni eða við ruslatunnuskýlið. Einhver staður þar sem allir eru með á hreinu hvar er og að allir geti að sjálfsdáðu komið sér á.

Allt má þetta yfirfara á leikskólana. Leikskólar hafa vel unnar og skipulagðar rýmingaráætlanir sem nauðsynlegt er að æfa. **Munum en og aftur að það sem börn þekkja ekki, hræðast þau en það sem börn þekkja og skilja, bera þau virðingu fyrir.**

Verkefni 2.

Umræða um neyðarnúmerið okkar Einn, einn tveir. 112

1. Nú skulu allir sitja við matarborðið og búa til fjölskyldufund. Mamma eða pabbi geta fundið til myndir annað hvort í tölvu eða síma af slökkviliðsbíl, sjúkrabíl, lögreglubíl og björgunarsveitarbíl. Það er gott að nota bílana sem sjónræna örvun um að muna.
2. Þegar hringt er í númerið 1.1.2. er Neyðarvörður sem svarar símanum og þá til dæmis með orðunum „Neyðarlínan, hvernig get ég aðstoðað,, eða eitthvað þeim mun líkt. Þá er gott að kenna öllum í fjölskyldunni hvernig við svörum og tölum við neyðarvörðinn.

Dæmi tekið: Hæ. Ég heiti _____ og ég á heima í/á _____ á Selfossi.

Mig vantar aðstoð því amma datt.

Eða

Mig vantar slökkvilið því allir reykskynjarar fóru í gang heima hjá mér.

Eða

Mig vantar sjúkrabíl því Pabbi minn er lasinn.

Eða

Mig vantar aðstoð lögreglu vegna þess að ég næ ekki að vekja mömmu.

Og svo framvegis

3. Mikilvægt er með komu snjallsíma að kenna börnum opna síman þannig að hægt sé að hringja í neyðarnúmer. Þetta er hægt á öllum snjallsímum án þess að kenna þurfi lykilorð eða mynstur. Kennum börnum að stimpla inn númerið 1.1.2. og hvernig við opnum neyðarham símans.
Ef það er heimasími á heimilinu er mikilvægt að allir viti hvar hann er og hvernig hann virkar.

Vonandi verður þetta skjal að góðum notum og að brunavarnir og öryggismál verði að áhugaverðu umræðuefni heima fyrir og í leikskólum.

Ef upp koma spurningar er alltaf hægt að hafa samband við skrifstofu Brunavarna Árnassýslu milli klukkan 08:00 og 16:00 á virkum dögum og einnig á emailið: ba@babubabu.is

Brunavarna Árnassýslu

